

193. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 25. nóvember 2004 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG
Dagný Þórisdóttir, DÞ
Eypór Benediktsson, EB
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Davíð Sveinsson, DS
Hilmar Hallvarðsson, HH
Guðmundur Kristinsson, GK
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri ÓJG
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 380, dags. 4.11.2004.

Liður 1.1. fundargerð skipulags- og byggingarnefnd. Liðir 3,4, og 9 samþykktir, í lið 8 er skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagið með viðeigandi hætti og fundargerð samþykkt að öðru leyti.

Liður 4 lóðarumsókn Skipavíkur hf. um Tjarnarás 7-7a samþykkt. Dagný og Davíð sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Til máls tóku: HH og ÓJG

Liður 9 samþykktur. Til máls tóku: HH og ÓJG

Liður 10 kaupsamningur að Hafnargötu 7 samþykktur. Dagný og Davíð sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Til máls tóku: HH og ÓJG

Liður 13 samþykkt lágsta tilboð frá Þ.B.Borg í endurbætur á eldhúsinnréttingum í Skúlagötu 9. Hilmar sat hjá við atkvæðagreiðslu. Til máls tóku: HH, DS og ÓJG.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 381, dags. 16.11.2004.

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.

1.3. Fundargerð bæjarráðs nr. 382, dags. 18.11.2004.

Liður 1.1.2. fundargerð hafnarnefndar frá 15. nóv., liður 3 samþykkt að ráða Hrannar Pétursson sem hafnarvörð. DS, GK og HH sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. Bókun frá DS, GK og HH. Ráðning hafnarvarðar.

“Ástæða þess að við sitjum hjá við ráðningu hafnarvarðar er sú að ekki kemur fram rökstuðningur við meðmæli meirihluta hafnarnefndar og að ekki var rætt við alla umsækjendur sem uppfylla kröfur samkvæmt auglýsingu. Þar af leiðandi höfðu ekki allir jafna möguleika á að kynna sig og sín fyrri störf fyrir nefndarmönnum.”

RG gerði grein fyrir sínu atkvæði og styður afgreiðslu hafnarnefndar, þar sem hann eins og aðrir bæjarfulltrúar gerðu ekki athugasemdir varðandi vinnuferli hafnarnefndar meðan á vinnu hennar stóð.

Fundargerðir samþykktar að öðru leyti. Til máls tóku: DS, HH, RG, DÞ, GK og ÖJG

Liður 1.1.4. Þjónustuhópur aldraðra.

Tillaga frá EB er svohljóðandi “Bæjarstjórn samþykkir að undirbúningsvinna vegna byggingu íbúða fyrir aldrða hefjist strax á árinu 2005.” Bæjarstjórn samþykkir þessa tillögu. Til máls tóku: EB,DS,HH og ELB.

Liður 5 tillaga varðandi Green Globe 21.

“Bæjarstjórn Stykkishólms samþykkir hér með að stöðumat og stefnumótun Green Globe 21, verði höfð til viðmiðunar/gerð að stöðumati og framkvæmdaáætlun Staðardagskrá.

Green Globe 21 vottar sjálfbæra ferðaþjónustu um allan heim og hafa sveitarfélögin á Snæfellsnesi skapað sér sérstöðu í vinnu sinni að sjálfbærri þróun. Auk þess mun vottunin styrkja markaðsstöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu og efla og styðja við aðra atvinnuvegi innan sveitarfélagsins. Jafnframt er þarna tækifæri fyrir Stykkishólm að fylgja eftir vinnu sinni að Staðardagskrá 21.”

Tillagan samþykkt og vísað til stýrihóps Staðardagskrá 21 ásamt skýrslu um stefnumótun um sjálfbæra þróun.

Til máls tóku:DÞ og HH

Liður 7 tillaga um sameiningu sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

“Bæjarstjórn Stykkishólms telur tillögu um sameiningu Eyja- og Miklaholtshépps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar eina raunhæfa sameiningarkost sveitarfélaga á Snæfellsnesi.

Bæjarstjórn gerir þann fyrirvara að um þetta verði kosið að samkomulag náist í tekjustofnanefnd milli ríkis og sveitarfélaga um sanngjarna tekjutilfærslu.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

Til máls tóku:ÖJG,HH,DS,DÞ,ELB og GK

Liður 9-11 bæjarstjóra og formanni hafnarnefndar er falið að eiga viðræður við forsvarsmenn Sæferða og gera bæjarráðinu grein fyrir viðræðunum.

Liður 15 bæjarstjóri svaraði fyrirspurninni og sagði tafir á verkinu væru vegna beiðni verkkaupa.

Liður 17 bæjarstjórn tekur undir þakkir til Sesselju Pálsdóttur fyrir það frumkvæði að safna fyrir vefmyndavél og koma henni upp í Amtsbókasafninu.

Bókun varðandi lið 1.1.1. frá DS,HH og GK.

“Vegna bókunar Rúnars Gíslasonar forseta bæjarstjórnar á fundi bæjarráðs þann 18.11. 2004, viljum við undirritaðir taka fram að ummæli Þorgríms Kristinssonar eru hans eigin skoðanir. Hann mætti á fund kennara og kynnti sig sem foreldri og skattgreiðandi og ávarpaði fundinn sem slíkur með leyfi kennara.

Þar af leiðandi sér L-listinn ekki ástæðu til að gera athugasemdir við hans málflutning. Hann svarar sjálfur fyrir sig og rökstyður sitt mál sjálfur.”

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða. Til máls tóku:ÓJG,HH,ELB, DS,DP, GK og RG

1.4. Fundargerð bæjarráðs nr. 383, dags. 23.11.2004.

Liður 1 fjárhagsáætlunargerð 2005.

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um að útsvar fyrir árið 2005 verði óbreytt miðað við fyrra ár þ.e. 13.03%.

Tillaga að álagningu fasteignagjalda árið 2005.

Fasteignaskattur A-flokkur	0,43%
Fasteignaskattur B-flokkur	1,65%
Lóðaleiga íbúðarhúsnæðis	2,00%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis	2,50%
Lóðarleiga ræktunarland	6,00%
Vatnsskattur íbúðarhúsnæði	0,27%
Vatnsskattur atvinnuhúsnæði	0,44%
Vatnsskattur samkvæmt magnmæli	15 kr./m ³
Holræsagjald íbúðarhúsnæði	0,20%
Holræsagjald atvinnuhúsnæði	0,20%

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld pr. ílát/tunnu 19.000 kr.

Staðgreiðsluafsláttur 3% til þeirra sem greiða fyrir 1. mars 2005 öll fasteignagjöld og eru skuldlausir við bæjarsjóð og fyrirtæki bæjarins.

Sorphirðu og/eða sorpeyðingagjöld af fyrirtækjum verði innheimt sky. sérstakri gjaldskrá.

Fasteignaskattur verði felldur niður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem njóta fullrar tekjutryggingar og búa í eigin húsnæði. Þeir sem hafa skerta tekjutryggingu fái 50% afslátt af fasteignaskatti.

Gjalddagar fasteignagjalda verða 5 talsins á tveggja mánaða fresti þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október, fyrst 1. febrúar 2005.

Bæjarstjórn samþykkir tillögurnar samhljóða.

Lóðaleiga frístundabyggðar vísað til bæjarráðs og fjárhagsáætlunarvinnu. Til máls tóku:ÓJG,DS,RG,DP og HH

Liður 4 samningur við ARKÍS um hönnun leikskóla í Stykkishólmi samþykktur. ELB og HH sátu hjá við atkvæðagreiðslu vegna skyldleika og einnig sátu hjá DS og GK. Til máls tóku:allir tóku til máls.

Liður 5 bæjarstjórn tekur undir áskorun félags smábátæiganda á Snæfellsnesi til sjávarútvegsráðherra, varðandi reglugerðarlokun á grunnslóð við sunnanverðan Breiðafjörð.

Liður 6 samþykktur. Til máls tóku:ÓJG

Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða. Til máls tóku:HH,GK og ÓJG

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerð fræðslunefnd, dags. 17.11.2004.
Fundargerð lögð fram.
Fundargerð afgreidd samhljóða. Til máls tók:DS,EB,HH,ELB og ÓJG
- 2.2. Fundargerðir hafnarnefndar, dags. 4.11. og 15.11.2004.
Fundargerðir lagðar fram.
Fundargerðir afgreiddar samhljóða.
- 2.3. Fundargerð safna-og menningarmálanefndar, dags. 3.11. og 22.11.2004.
Fundargerðir lagðar fram.
Fundargerðir afgreiddar samhljóða. Til máls tók:ÓJG,RG,HH,GK
- 2.4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 3.11.2004.
Fundargerð lögð fram.
Fundargerð afgreidd fyrir á fundinum.
- 2.5. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 11.11.2004.
Fundargerð lögð fram.
Fundargerð afgreidd samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 fyrir Stykkishólmsbæ og stofnanir hans, fyrri umræða.

Fjárhagsáætlun fyrir 2005 vísað til seinni umræðu í bæjarstjórn og til frekari vinnslu í bæjarráði. Til máls tóku:ÓJG,DS,HH,GK og ELB

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:17

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.